

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 9. apríl 2025

Mál nr. E-5954/2023:

A

(Sverrir Halldórsson lögmaður)

gegn

íslenska ríkinu

(Jónas Birgir Jónasson lögmaður)

Dómur

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Mál þetta, sem dómtekið var 12. mars 2025, var höfðað með birtingu stefnu 25. september 2023. Stefnandi er A. Stefndi er íslenska ríkið, Katrínartúni 6, 105 Reykjavík.
- Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur, aðallega að fjárhæð 25.705.725 kr. með 4,5% ársvöxtum af 7.795.737 kr. frá 30. desember 2018 til 30. desember 2019 en af 25.705.725 kr. frá þeim degi til 25. október 2023, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð 18.566.953 kr. með 4,5% ársvöxtum af 7.795.737 kr. frá 30. desember 2018 til 30. desember 2019 en af 18.566.953 kr. frá þeim degi til 25. október 2023, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.

Til þrautavara er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð 15.337.145 kr. með 4,5% ársvöxtum af 7.795.737 kr. frá 30. desember 2018 til 30. desember 2019 en af 15.337.145 kr. frá þeim degi til 25. október 2023, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.

Til viðbótar aðal- vara og þrautavarakröfu er gerð krafa um að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 2.500.000 með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 30. desember 2018 og með dráttarvöxtum samkvæmt 1 mgr. 6. gr. og 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 17. janúar 2020 til greiðsludags.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar að auki.

3. Stefndi krefst sýknu auk málskostnaðar.
4. Upphaflega var ætlunin að aðalmeðferð í málinu færi fram 17. apríl 2024. Í þinghaldi 9. febrúar það ár lýsti stefnandi því yfir að hann hygðist óska eftir upptökum úr myndavélum í lögreglubifreið hjá héraðssaksóknara. Með tölvuskeyti 24. júní 2024 var afhendingu umbeðinna gagna hafnað. Stefndi lagði fram bókun í þinghaldi 13. september 2024 þar sem krafist var afhendingar á umræddum upptökum. Stefndi hafnaði því og vísaði til þess að hann hefði uppfyllt skyldur sínar samkvæmt 1. mgr. 37. gr. laga nr. 88/2008 með því að bjóða stefnanda aðstöðu til þess að kynna sér umrædd gögn og það hefði lögmaður stefnanda raunar gert. Með úrskurði 11. október 2024 var embætti héraðssaksóknara gert skylt að afhenda stefnanda umræddar upptökur. Stefndi kærði þann úrskurð til Landsréttar sem með úrskurði 20. nóvember 2024 í máli nr. 836/2024 felldi hinn kærða úrskurð úr gildi. Stefndi leitaði upphaflega eftir kæruleyfi til Hæstaréttar en tilkynnti með tölvuskeyti til dómsins 12. desember 2024 að hann hefði fallið frá því. Í framhaldi af því var málið tekið fyrir 17. janúar 2025 og aðalmeðferð málsins ákveðin 12. mars 2025. Við fyrirtökuna lagði lögmaður stefnda fram umræddar upptökur.

Helstu málsatvik

5. Stefndi höfðar þetta mál til þess að sækja skaðabætur úr hendi stefnda vegna meintrar ólögætrar handtöku stefnanda. Atvik voru þau að lögreglu barst beiðni frá fyrri barnsmóður stefnanda um aðstoð þegar hún var stödd í stigagangi fyrir framan íbúð stefnanda í [...] að sækja dóttur sína úr umgengni að kvöldi 30. desember 2018. Samkvæmt tilkynningu lögreglu kom fram hjá fyrri barnsmóður stefnanda að hann hefði ráðist á hana, skellt hurð á fót hennar og ýtt henni upp að vegg. Hún hefði jafnframt

upplýst um það að hann hefði eitt sinn ógnað henni með skotvopni. Í gögnum lögreglu kom fram að stefnandi væri skráður fyrir skotvopni.

6. Sérsvartarmenn á vegum ríkislögreglustjóra fóru á vettvang vegna málsins ásamt lögreglumönnum. Stefnandi var handtekinn og handjárnaður við aðalinngang hússins kl. 19:28 og færður í lögreglubifreið. Jafnframt var gerð leit á heimili hans, þ.m.t. í geymslu, en ekkert skotvopn fannst og var stefnanda sleppt úr haldi lögreglu kl. 20:15. Lýsing stefnanda og lögreglu á atvikum er ólík. Stefnandi kveður sér hafa verið skellt upp við vegg og hann handjárnaður harkalega þegar hann fór sjálfviljugur út til lögreglu, sem hafi ausið fúkyrðum yfir hann. Hann hafi strax upplýst að byssan væri ekki inni á heimilinu heldur á heimili móður hans. Lögreglan hafi beitt mikilli hörku, kýlt hann og uppnefnt. Á meðan hann var í lögreglubifreiðinni hafi vopnuð sérsvart framkvæmt leit á heimili hans að konu hans og systursyni ásjáandi. Lögreglan hafi m.a. leitað inni í herbergi þar sem börn hans lágu sofandi. Stefnanda hafi verið sleppt úr haldi þegar ekkert fannst við leitina.
7. Lögreglan segir að stefnandi hafi verið ósamvinnuþýður og neitað að upplýsa um staðsetningu á umræddu skotvopni. Frelsissvipting stefnanda hafi staðið í 47 mínútur og mestan þann tíma hafi stefnandi beðið í lögreglubifreiðinni. Stefnandi mótmælir málavaxtalýsingu stefnanda og málatilbúnaði sem röngum, órökstuddum og ósönnuðum.
8. Í læknisvottorði, dagsettu 8. febrúar 2019, kemur fram að stefnandi hafi leitað til bráðamóttöku Landspítalans þetta kvöld kl. 21:26. Við skoðun á höfði hafi ekki verið sár, bólga, mar, aflögun eða eymsli. Við þreifingu yfir kinnbeini við nef beggja vegna og ofan við tennur í efri góm hægra megin og framan til hafi ekki verið mar eða bólga. Væg eymsli hafi verið á nefi, ekki aflögun. Storknað blóð hafi verið í hægri nös og neðan við hana en ekki virk blæðing í nefholi. Við skoðun á munnholi hafi fundist nokkur lítil sár innan á efri vör hægra megin en ekki virk blæðing. Mar hafi verið á báðum úlnliðum eftir handjárn. Í samantekt segir að góðar batahorfur séu á líkamlegum meiðslum en ljóst sé að atburðurinn hafi haft töluverð andleg áhrif á hann.
9. Stefnandi kom á skrifstofu héraðssaksóknara 21. janúar 2019 og lagði fram kæru á hendur lögreglumönnum vegna háttsemi lögreglu við umrædda handtöku. Í kæruskýrslu heldur stefnandi því fram að lögreglumaður úr sérsvart ríkislögreglustjóra hafi rætt við hann og veist að honum með ofbeldi þar sem hann hafi setið handjárnaður í aftursæti lögreglubifreiðarinnar. Lögreglumaðurinn hafi sett fingur upp í munn stefnanda, togað í

annað munnvikið á honum, þrýst í leiðinni á andlitið á honum og í kjölfarið kýlt hann tvívegis í andlitið. Með bréfi héraðssaksóknara, dagsettu 20. ágúst 2019, var stefnanda tilkynnt um niðurfellingu málsins. Í niðurlagi bréfsins kemur fram að gæta hefði mátt betur að meðalhófi að sumu leyti í störfum lögreglu í umrætt sinn.

10. Með bréfi, dagsettu 17. desember 2019, sendi stefnandi bótakröfu til stefnda þar sem krafist var miskabóta að fjárhæð 2.500.000 kr., auk þess sem farið var fram á að stefndi viðurkenndi bótaskyldu og greiddi fyrir öflun matsgerðar dómkvaddra matsmanna til að meta tjón samkvæmt skaðabótalögum sem kæmi þá til viðbótar miskabótakröfunni. Með bréfi, dagsettu 25. ágúst 2020, hafnaði stefndi kröfu um að greiða bætur á grundvelli 2.–5. gr. skaðabótalaga en féllst á að stefndi ætti rétt til miskabóta á grundvelli hlutlægrar bótareglu samkvæmt 1.–2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008.
11. Með beiðni, dagsettri 29. apríl 2022, óskaði stefnandi eftir dómkvaðningu matsmanna til að meta mögulegt tjón sitt á grundvelli skaðabótalaga. Samkvæmt B lögmanns og C læknis býr stefnandi við veruleg einkenni áfallastreitu sem rekja megi til atburðarins og hafi þróun einkenna verið í samræmi við það sem vænta má í kjölfar atburðar sem þessa. Í niðurstöðu matsgerðarinnar er stöðugleikapunktur 30. desember 2019 þegar liðnir eru 12 mánuðir frá atburðinum. Tímabundin óvinnufærni hafi verið frá 30. desember 2018 til 30. desember 2019, tímabil þjáninga samkvæmt 3. gr. skaðabótalaga hafi verið 30. desember 2018 til 30. desember 2019, án rúmlegu, varanlegur miski samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga sé 20 stig og loks varanleg örorka 15%.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

12. Stefnandi byggir dómkröfur sínar á hlutlægum bótagrundvelli 1. og 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008. Það sé óumdeilt að stefnandi hafi sætt þvingunarráðstöfunum og verið sakborningur þar til málið var fellt niður af lögreglu. Stefnandi telur sig hafa orðið fyrir verulegu tjóni vegna umræddrar handtöku og húsleitar á heimili sínu. Hann hafi hvorki verið valdur að umræddum þvingunarúrræðum né stuðlað að þeim. Af þeim sökum eigi hann rétt á skaðabótum á grundvelli þessarar reglu. Samkvæmt 5. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 eigi að bæta bæði fjártjón og miska vegna tjóns samkvæmt ákvæðinu.
13. Stefnandi vísar til þess að samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerð sé vísað til þess að atburður eins og þessi sé „til þess fallinn að valda ógn og skelfingu hjá þeim sem í lendar, hvað sem líður réttmæti ásakana [...] um harðræði“. Er þá m.a. litið til þess að fjórir

lögreglubílar komu að heimili matsbeiðanda og vopnuð sveit handtók hann. Hann búi „enn í dag við veruleg einkenni áfallastreitu sem rekja má til atburðarins og standa þannig í orsakatengslum við hann. Þróun einkenna hefur verið í samræmi við það sem vænta má í kjölfar atburðar sem þessa“.

14. Stefnandi byggir á því að framangreindar niðurstöður matsmanna sýni að bein orsakatengsl liggja á milli þeirra þvingunarráðstafana sem lögreglan beitti gagnvart honum og þeirrar áfallastreituröskunar sem hann búi við í dag, jafnvel þó að látið verði liggja á milli hluta hversu harkalegar aðgerðirnar voru og hvort þær hafi verið lögmætar eða meðalhófs gætt. Stefnandi eigi rétt á bótum samkvæmt hlutlægni bótareglu sakamála laga fyrir það tjón sem metið var í matsgerð dómkvaddra matsmanna enda hafi hann sannanlega orðið fyrir þvingunarráðstöfunum lögreglu og mál hans felld niður.
15. Stefnandi byggir miskabótakröfu sína á 5. mgr. 246. gr. sakamála laga nr. 88/2008. Bætur samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga séu ekki nægilegar þegar litið sé til alvarleika málsins. Samkvæmt dómaframkvæmd komi miskabætur auk þess til viðbótar dæmdum bótum samkvæmt matsgerð á grundvelli skaðabótalaga. Í handtöku felist meingerð gegn frelsi og friði stefnanda. Hann hafi verið beittur valdi af hálfu lögreglunnar og sviptur frelsi sínu, sem valdi sjálfkrafa miska hjá stefnanda eins og öðrum sem beittir séu slíkum aðgerðum að ósekju. Í öðru lagi sé gerð krafa um miskabætur vegna húsleitar lögreglu á heimili hans sem sé verulegt inngrip í persónulegt líf stefnanda og teljist meingerð gegn frelsi og friði hans. Farið hafi verið í gegnum persónulega muni stefnanda og annað sem tilheyri fjölskyldu hans. Það hvernig handtakan og húsleitin var framkvæmd hafi aukið á miska hans, en hann hafi verið settur í handjárn og inn í lögreglubíl á meðan sérsveitin réðst inn í íbúðina þar sem skelfingu lostin kona hans var og lítil börn sváfu. Nágrannar hafi ekki komist hjá því að verða varir við umfangsmiklar aðgerðir lögreglu og sáu að þær beindust að stefnanda og íbúð hans.
16. Stefnandi vísar til þess að við heildarmat á miskabótakröfu verði auk framangreinds að líta til þess að með aðgerðunum var brotið gegn skráðum og óskráðum meðalhófsreglum, sbr. m.a. 3. mgr. 53. gr. 88/2008 og 2. mgr. 13. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Tilgangur þessara ákvæða sé m.a. að koma í veg fyrir að lögregla valdi óþörfu tjóni í aðgerðum sínum. Í þessu máli hafi húsleitin verið sprottin af þeim meintu ummælum fyrri barnsmóður stefnanda að hann hefði eitt sinn í gamla daga ógnað sér með skotvopni. Þau ummæli féllu ekki að hennar frumkvæði heldur eftir að lögregla fór að spyrja án nokkurs

tilefnis hvort ákærði væri vopnaður. Ummælin gáfu ekkert tilefni til þessarar afar íþyngjandi handtöku og húsleitar sérsveitar lögreglu né fór nokkur skoðun á málinu fram áður en ákvörðun var tekin um þessar aðgerðir. Auk brota gegn meðalhófi skal því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn beri til. Þessi grundvallarregla hafi verið þverbrotin gagnvart stefnanda við umrædda húsleit.

17. Stefnandi byggir á því að auðveldlega hefði mátt komast hjá þessari aðgerð ef lögreglan hefði vandað til verka í upphafi. Svör einhvers um að annar hafi eitt sinn í gamla daga ógnað sér með skotvopni án þess að viðkomandi nefni það að fyrra bragði geta ekki réttlætt húsleit hjá þeim sem sakaður er um slíkt. Ekkert liggi fyrir um sannleiksgildi þessa sem raunar skiptir ekki máli. Aðgerðirnar séu til marks um slæleg vinnubrögð lögreglu og kæruleysislega meðferð opinbers valds. Rannsóknarskyldu var ekki nægilega sinnt áður en ráðist var í aðgerðirnar, auk þess sem brotið var gegn meðalhófsreglu. Við mat á miska verði jafnframt að hafa í huga að brotið var á grundvallarmannréttindum hans sem bundin eru í 71. gr. stjórnarskrár Íslands, nr. 33/1944, og 8. gr. mannréttinda-sáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, þ.e. rétti hans til friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Fjárhæð bóta eigi að endurspeglar mikilvægi þeirra réttinda sem brotið er gegn. Tilfinning fólks sem orðið hafi fyrir handtöku og húsleit sé svipuð og hjá fólki sem hefur verði brotist inn hjá. Stefnandi hafi upplifað slíkar tilfinningar.
18. Stefnandi vísar til þess að brot gegn þessum réttindum hafi litlar sem engar afleiðingar fyrir lögreglu ef gert er lítið úr raunverulegum miska þeirra sem fyrir verða. Réttarreglur um mikilvægustu mannréttindin, og hlutlægar bótareglur sé brotið gegn þeim, eiga að tryggja virðingu stjórnvalda gagnvart þeim. Brot ríkisvaldsins gegn þeim reglum á að heyra til algerra undantekninga og þegar brot raungerast eiga bætur að endurspeglar alvarleika þess. Það getur ekki farið saman að skerða gróflega mikilverðustu réttindi fólks en greiða síðan lágar bætur vegna þess. Þær bætur sem stefndi hafi boðið í þessu máli endurspeglar á engan hátt raunverulegan miska fólks sem þola þarf handtöku og húsleit að ósekju, að ekki sé talað um þegar slík leit fer fram af hálfu vopnaðrar sérsveitar.
19. Stefnandi byggir á því að gera verði greinarmun á húsleit annars vegar og handtöku hins vegar þar sem ekkert saknæmt finnst en viðkomandi er tengdur með einhverjum hætti við brot eða brotamenn og svo þegar farið er inn á heimili fólks algerlega að ósekju og

það handtekið fyrir framan heimili sitt og fjölskyldu. Viðbrögð lögreglu í þessu máli voru tilhæfulaus með öllu og byggðust á ummælum fyrri barnsmóður stefnanda um að hann hefði í gamla daga beint að sér byssu. Símtal fyrri barnsmóður hans til lögreglu laut ekki að því að stefnandi hefði ógnað henni með byssu, heldur að hann hefði skellt hurð á fót hennar sem var ósatt. Umrædd húsleit hefði aldrei verið samþykkt fyrir dómi.

20. Stefnandi byggir á því að undantekningarregla um niðurfellingu eða lækun bóta sem fram kemur í 2. málslið 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 eigi ekki við með neinum hætti. Fyrri rangar ásakanir fyrri barnsmóður hans eða tilraunir hennar til húsbrots sem stefnandi varnaði með líkama sínum geti ekki talist ofbeldi og hafi enga þýðingu í þessu samhengi.
21. Stefnandi byggir bótakröfur sínar einnig á meginreglu íslensks skaðabótaréttar, sakarreglunni og meginreglu skaðabótaréttar um vinnuveitendaábyrgð, þar sem ljóst er að íslenska ríkið ber ábyrgð á aðgerðum lögreglu auk 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 um miskabætur. Bótakröfur byggja á 2.–5. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 með sama hætti og áður hefur verið rakið.
22. Stefnandi byggir jafnframt á 26. gr. skaðabótalaga enda telur stefnandi að stefndi hafi valdið sér líkamstjóni af stórfelldu gáleysi og beri ábyrgð á meingerð gegn frelsi, friði, æru og persónu sinni með aðgerðum sínum og skorti á meðalhófi. Hæstiréttur Íslands hafi staðfest að í þeim tilvikum þar sem tjón fellur utan hinnar hlutlægu bótareglu 2. mgr., sbr. 1. mgr., 246. gr. laga nr. 88/2008 skuli greiða bætur samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, auk bóta samkvæmt 246. gr. laga nr. 88/2008. Greiða skuli hærri bætur en ella í máli vegna bótaréttar á grundvelli 246. gr. laga nr. 88/2008 ef aðgerðir lögreglu eiga einnig undir sakarregluna og dugir þar einfalt gáleysi til að dæma miskabætur til viðbótar við bætur á grundvelli hlutlægu bótareglunnar í 246. gr. laga nr. 88/2008. Bætur samkvæmt 246. gr. laga nr. 88/2008 miðist við að allt hafi verið gert rétt í aðgerðum en viðkomandi aðili síðan sýknaður. Bætur séu þá greiddar vegna þvingunarráðstöfunarinnar sjálfrar. Í þessu tilviki hafi verið brotið gegn meðalhófsreglu og því um að ræða sjálfstætt brot, auk þess sem ekki hafi verið stefnt að lögmætu markmiði, enda aðgerðirnar tilefnislausar og byggðar á ummælum fyrri barnsmóður hans um að hann hefði ógnað henni með skotvopni í gamla daga.

23. Stefnandi vísar til þess að brotið hafi verið gegn 3. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008, 2. mgr. 13. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, sem og 14. gr. þeirra laga, þegar farið var í þessa þvinguðu húsleit á heimili stefnanda án samþykkis stefnanda eða samkvæmt dómsúrskurði. Lögregla hafi með þessu beitt stefnanda ólögmati þvingun og brotið gegn grundvallarréttindum hans með saknæmum og ólögmetum hætti. Önnur skilyrði sakarreglunnar, um orsakatengsl og sennilega afleiðingu, eru augljóslega einnig uppfyllt í málinu enda stendur tjón stefnanda í beinu sambandi við umrædda háttsemi lögreglu. Stefnanda hafi sannanlega verið gert meira tjón, óhagræði og miski en óhjákvæmilegt var eftir því sem á stóð. Stefnanda hafi því verið valdið tjóni umfram það sem fellur undir hina hlutlægu bótareglu 246. gr. laga nr. 88/2008 og beri að bæta það sérstaklega.
24. Stefnandi vísar jafnframt til þess að ekki hafi verið fyrir hendi rökstuddur grunur um brot sem réttlætt hafi getað handtöku eða húsleit, sbr. t.d. 3. mgr. 74. gr. laga nr. 88/2008, heldur hafi lögregla byggt aðgerðir sínar á fyrrgreindum meintum ummælum fyrri barnsmóður stefnanda um að hann hefði einu sinni ógnað henni með skotvopni í gamla daga. Fráleitt hafi verið að byggja aðgerðir lögreglu á þessum ummælum enda gáfu þau á engan hátt til kynna að um skotvopn væri að ræða í málinu. Lögreglan hafi því farið offari í málinu og brotið gegn mörgum lagareglum.
25. Verði ekki talið nægjanlega sýnt fram á að sakarreglan og 26. gr. skaðabótalaga eigi við um háttsemi stefnda er á því byggt að ofangreind atriði skuli leiða til hærri bóta en ella á grundvelli hlutlægrar bótareglu 246. gr. laga nr. 88/2008.
26. Dómkröfur stefnanda sundurliðast á grundvelli fyrirbyggjandi matsgerðar með eftirfarandi hætti:

Aðalkrafa sundurliðast á eftirfarandi hátt:

Tímabundið tekjutap skv. 2. gr. skbl.	4.012.087 kr.
Þjáningabætur skv. 3. gr. skbl. (365 dagar án rúmlegu á 2.510)	916.150 kr.
Varanlegur miski skv. 4. gr. skbl. 14.337.500 * 20%	2.867.500 kr.
Varanleg örorka skv. 5.–8. gr. skbl. 9.513.180 * 12,55100 * 15%	17.909.988 kr.
Samtals	25.705.725 kr.

Varakrafa sundurliðast á eftirfarandi hátt:

Tímabundið tekjutap skv. 2. gr. skbl.	4.012.087 kr.
Þjáningabætur skv. 3. gr. skbl. (365 dagar án rúmlegu á 2.510)	916.150 kr.
Varanlegur miski skv. 4. gr. skbl. 14.337.500 * 20%	2.867.500 kr.

Varanleg örorka skv. 5.–8. gr. skbl. $5.721.306 * 12,55100 * 15\%$ 10.771.216 kr.
Samtals **18.566.953 kr.**

Þrautavarakrafa sundurliðast á eftirfarandi hátt:

Tímabundið tekjutap skv. 2. gr. skbl. 4.012.087 kr.
Þjáningabætur skv. 3. gr. skbl. (365 dagar án rúmlegu á 2.510) 916.150 kr.
Varanlegur miski skv. 4. gr. skbl. $14.337.500 * 20\%$ 2.867.500 kr.
Varanleg örorka skv. 5.–8. gr. skbl. $4.005.741 * 12,55100 * 15\%$ 7.541.408 kr.
Samtals **15.337.145 kr.**

Bætur fyrir tímabundið tekjutap í aðal-, vara- og þrautavarakröfu eru grundvallaðar á meðallaunum stefnanda samkvæmt staðgreiðsluskrá á tímabilinu júní – desember 2018 sem nema 496.584 kr. á mánuði eða samtals 4.012.087.

Tekjutapið sundurliðast á eftirfarandi hátt:

496.584 * 12 = 5.959.008 kr.
Orlof 10,17% = 606.286 kr.
Lífeyrissjóðsframlag 11,5% = 685.286 kr.
Samtals = **7.250.325 kr.**
Til frádráttar:
Greiðslur frá v.v. = (234.289 kr.)
Greiðslur frá SÍ = (3.003.949 kr.)
Tímabundið tekjutap **4.012.087 kr.**

Bætur fyrir þjáningar eru reiknaðar á grundvelli 3. gr. skaðabótalaga, sbr. 15. gr. laganna, en í fyrirbyggjandi matsgerð kemur fram að tímabil þjáninga sé 365 dagar án rúmlegu frá þeim degi sem stefnandi var handtekinn, þann 30. desember 2018.

Bætur fyrir varanlegan miska eru reiknaðar á grundvelli 4. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 15. gr. laganna.

Bætur fyrir varanlega örorku eru í aðalkröfu reiknaðar á grundvelli meðallauna hjá Hagstofu Íslands í störfum tengdum [...] árið 2018, þ.e. á því ári sem handtakan átti sér stað, sbr. ákvæði 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Meðallaun samkvæmt því eru 711.000 kr. á mánuði, sem gera 9.513.180 kr. með 11,5% lífeyrissjóðsframlagi. Stefnandi telur þau meðallaun gefa réttustu mynd af framtíðartekjum hans en stefnandi telur að þrjú tekjuár fyrir atvikið séu ekki sanngjarn mælikvarði við útreikning á bótum fyrir varanlega örorku

stefnanda. Á árunum 2010–2012 var stefnandi með uppreiknaðar tekjur á bilinu 7–8 milljónir. Árið 2013 byrjaði hann í eigin rekstri, fór í fæðingarorlof að hluta til árið 2014 og hætti síðan í eigin rekstri árið 2015 þegar hann réði sig til D og var hann í því starfi í lok árs 2018. Launin hjá D voru árangurstengd [...]. Stefnandi telur ekki rétt að byggja á árslaunum þrjú ár fyrir atvikið þar sem hann hafi verið í eigin rekstri sem hann síðan hætti með og byrjaði í nýju starfi við [...] árið 2015. Á árunum 2015–2017 var stefnandi síðan í starfi hjá D. Hann hafi á þessum tíma verið að öðlast reynslu í [...] og fóru launin því rólega hækkandi fram að tjónsatburði. Þá lenti stefnandi í umferðarslysi árið 2016 sem hafði áhrif á tekjur hans á árunum 2016–2017. Stefnandi byggir á því að við ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku beri því að horfa til 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga er lýtur að því að meta beri árslaun sérstaklega þegar óvenjulegar aðstæður eru fyrir hendi og ætla megi að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur þess sem verður fyrir tjóni. Stefnandi telur skilyrði ákvæðisins vera uppfyllt og því beri að ákveða árslaun sérstaklega.

Bætur fyrir varanlega örorku eru í varakröfu reiknaðar á grundvelli árslauna stefnanda á því ári sem handtakan átti sér stað, árið 2018, sbr. ákvæði 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Það ár voru árslaun stefnanda 4.806.808 kr. sem með uppfærslu til stöðugleika nema 5.131.216 kr. ($4.806.808/656,4$ (LAV meðaltal 2018)*700,7 (LAV á stöðugleika)) og með 11,5% mótframlagi í lífeyrissjóð nema árslaunin 5.721.306 kr. Stefnandi telur að ef ekki verði fallist á að miða við meðallaun við [...] beri að miða við árslaun hans árið 2018 þar sem hann telur að það ár gefi réttari mynd af framtíðartekjum hans heldur en þrjú tekjuár þar á undan. Stefnandi telur að þrjú tekjuár fyrir atvikið séu ekki sanngjarn mælikvarði við útreikning á bótum fyrir varanlega örorku sína. Stefnandi telur ekki rétt að byggja á árslaunum þrjú ár fyrir atvikið þar sem hann hafi byrjað í nýju starfi við [...] árið 2015 eftir að hafa verið með eigið fyrirtæki árin á undan eins og rakið er í rökstuðningi fyrir aðalkröfu. Laun stefnanda hafi hækkað með aukinni reynslu við [...]. Hann var [á fertugsaldri] þegar atvikið átti sér stað og því ljóst að ætla megi að tekjur hans hefðu farið hækkandi með hækkun á lífaldri og aukinni starfsreynslu.

Útreikningur kröfu vegna varanlegrar örorku tekur mið af margföldunarstuðli 6. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 í aðal-, vara- og þrautavarakröfu.

Bætur fyrir varanlega örorku í þrautavarakröfu eru reiknaðar á grundvelli árslauna stefnanda þrjú tekjuár fyrir atvikið, þann 30. desember 2018, þ.e. árin 2015–2017. Árslaun miðað við meðaltal þessara þriggja ára uppfærð m.t.t. vísitölu á stöðugleika þann 30. desember 2019 eru 4.005.741 kr. með mótframlagi atvinnurekanda í lífeyrissjóð. Meðaltal árslauna fæst á eftirfarandi hátt: Árslaun 2015 2.922.313 kr. uppfærð til stöðugleika ásamt 8% lífeyrissjóðsframlagi, samtals 4.267.614 kr. Árslaun 2016 3.552.202 kr. uppfærð til stöðugleika ásamt 8,25% lífeyrissjóðsframlagi, samtals 4.668.813 kr. Árslaun 2017 2.481.493 kr. uppfærð til stöðugleika ásamt 9,25% lífeyrissjóðsframlagi 3.080.796 kr. Meðaltal árslauna 2015–2017 eru því $4.267.614 + 4.668.813 + 3.080.796 = 12.017.223 / 3 = 4.005.741$.

Í aðal-, vara- og þrautavarakröfu er jafnframt gerð krafa um greiðslu 4,5% vaxta samkvæmt 1. mgr. 16. gr. skaðabótalaga vegna tímabundins tekjutaps, miska og þjáninga, að fjárhæð 7.795.737 krónur, frá tjónsdegi þann 30. desember 2018 og að viðbættri kröfu vegna varanlegrar örorku, frá stöðugleikapunkti þann 30. desember 2019 til 25. október 2023, en þá var mánuður liðinn frá því að stefna á grundvelli matsgerðar var birt fyrir stefnda, íslenska ríkinu.

Þá er krafist dráttarvaxta samkvæmt 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, vegna allra bótaliða í aðal-, vara- og þrautavarakröfu frá 25. október 2023, mánuði frá þeim degi sem krafa stefnanda var birt fyrir stefnda og til greiðsludags, samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Auk aðal-, vara- og þrautavarakröfu krefst stefnandi þess einnig að stefndi verði til viðbótar dæmdur til að greiða stefnanda miskabætur að fjárhæð 2.500.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 30. desember 2018 og með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 17. janúar 2020 til greiðsludags. Krafa um greiðslu bóta samkvæmt 246. gr. laga nr. 88/2008 var send til ríkislögmans þann 17. desember 2019 og gerð er krafa um greiðslu dráttarvaxta mánuði eftir að krafa var send ríkislögmanni til greiðsludags.

Stefnandi er ekki virðisaukaskattsskyldur aðili. Þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni ber honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

27. Stefndi mótmælir öllum málatilbúnaði stefnanda og málsástæðum sem röngum, órökstuddum og ósönnuðum. Þá er því alfarið hafnað að íslenska ríkið beri bótaábyrgð á meintu tjóni stefnanda á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993 eða almennra reglna skaðabótaréttarins.
28. Stefndi vísar til þess að þó að lögmæti þvingunaraðgerða sé ekki skilyrði þess hvort bótaskylda sé fyrir hendi samkvæmt 246. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hafi allar aðgerðir lögreglu umrætt sinn verið lögmætar.
29. Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að fella beri niður bætur með vísan til 2. málslíðar 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008, þar sem stefnandi hafi með háttsemi sinni stuðlað að aðgerðum lögreglu gegn sér.
30. Stefndi vísar til þess að lögreglu hafi borist upplýsingar um að stefnandi hefði ráðist á fyrri barnsmóður sína með ofbeldi og að hann ætti sögu um að hafa ógnað henni með skotvopni. Lögregla hafði vitneskju um að hann væri skráður fyrir skotvopni og hefði jafnframt áður verið kærður fyrir ógnandi hegðun með skotvopn undir höndum. Þegar lögregla kom á vettvang hafi verið ljóst að til átaka hafði komið milli stefnanda og barnsmóður hans þótt ekki væri á þeirri stundu ljóst nákvæmlega hvernig atvikum hefði verið háttað. Því var uppi rökstuddur grunur um að stefnandi hefði framið brot sem sætt gæti ákæru. Handtakan var því nauðsynleg til að tryggja návist hans og til að tryggja öryggi hans og annarra og uppfyllti því skilyrði 90. gr. laga nr. 88/2008.
31. Stefndi mótmælir því að lögregla hafi brotið gegn rannsóknarreglu og meðalhófsreglu með aðgerðum sínum í umrætt sinn. Stefnandi var handtekinn 30. desember 2018 kl. 19:28 og honum sleppt kl. 20:15 sama dag. Þá fór fram húsráð með leyfi húsráðanda og var vandað til verka og meðalhófs gætt í hvívetna. Stefndi mótmælir því að brotið hafi verið gegn skráðum og óskráðum meðalhófsreglum laga nr. 88/2008 og lögreglulaga nr. 90/1996, tilvitnuðum ákvæðum stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu eða öðrum lögum eða reglum. Auk þess verði ráðið af dómafrankvæmd að reglum um miskabætur vegna aðgerða lögreglu sé ekki ætlað að virka sem hvatning til almennings til að sækja bætur og sem aðvörun til þeirra sem með rannsóknarvald fara.

32. Stefndi vísar til þess að samkvæmt a-lið 6. gr. verklagsreglna ríkislögreglustjóra um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála frá 13. september 2018 skulu lögreglumenn afla upplýsinga um hugsanleg fyrri afbrot þeirra sem skráðir eru með lögheimili á vettvangi og skotvopnaeign aðila á umræddu heimili frá Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra eða með öðrum hætti. Breytir engu þó að tilkynnandi hafi ekki nefnt það að fyrri bragði. Auk þess skulu þeir afla upplýsinga um tilkynnanda og fá framburð hjá honum vegna málsins. Lögreglu var því rétt og skylt að afla upplýsinga um skotvopnaeign stefnanda en aðspurð um hana tjáði fyrri barnsmóðir hans að hún héldi að hann hefði aðgang að vopni á heimili sínu sem hefði verið tekið af honum þar sem hann hefði áður hóttað henni með vopninu, en fengið vopnið aftur.
33. Stefndi vísar til þess að stefnandi hafi verið ósamvinnuþýður og neitað að upplýsa lögreglu um staðsetningu skotvopns í sinni eigu og stuðlað þannig að því að húsleit yrði framkvæmd á heimilinu. Þá hafi hann ýtt eða hrint fyrri barnsmóður sinni og með því stuðlað að handtöku. Með því hafi hann fyrirgert bótarétti sínum samkvæmt 2. málslíð 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008.
34. Stefndi byggir á því að skilyrði fyrir bótaábyrgð samkvæmt skaðabótalögum eða almennum reglum skaðabótaréttarins séu ekki uppfyllt í málinu. Lögregla hafi ekki sýnt af sér saknæma eða ólögmeta háttsemi heldur fylgt þeim lögum og reglum sem henni hafi borið í umrætt sinn. Þá hafi meðalhófs verið gætt við framkvæmd aðgerðanna. Skilyrði til greiðslu miskabóta samkvæmt b-lið 26. gr. skaðabótalaga eða bóta á grundvelli 2.–5. gr. skaðabótalaga séu þannig ekki uppfyllt í þessu máli. Með sömu rökum og lýst er hér að framan er því mótmælt að aðgerðir lögreglu hafi brotið gegn 67. gr. stjórnarskrár og 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Stefndi vísar til þess að hann hafi hafnað bótaskyldu á grundvelli hinnar hlutlægu bótareglu 246. gr. laga nr. 88/2008 vegna frelsissviptingar og húsleitar og vísar til þeirrar umfjöllunar.
35. Stefndi vísar til þess að varðandi húsleit hafi lögregla leitað í íbúð stefnda og sambýliskonu hans að frátöldu barnaherbergi, í sameign fjölbýlishússins og geymslu. Sambýliskona stefnanda hafði gefið munnlega heimild fyrir húsleitinni. Ástæða húsleitarinnar var sú að stefnandi neitaði að gefa lögreglumönnum upp hvar skotvopnið var geymt og var lögreglu því, með hliðsjón af aðstæðum og atvikum öllum, rétt og skylt að leita að vopninu.

36. Stefndi byggir á því að tilkynning fyrri barnsmóður stefnanda til lögreglu hafi verið þess eðlis að nauðsynlegt hafi verið að bregðast skjótt við. Þær upplýsingar sem lögregla hafði um skotvopnaeign stefnanda og eðli þeirra mála sem lögregla hafði áður haft til skoðunar og vörðuðu stefnanda gáfu tilefni til að handtaka stefnanda, leita að skotvopninu og gæta yftrustu varúðar.
37. Stefndi mótmælir því að brotið hafi verið gegn meðalhófsreglu enda hafi stefnandi verið látinn laus úr haldi lögreglu innan við klukkustund eftir að hann var handtekinn, grunaður um líkamsárás.
38. Stefndi vísar til þess að héraðssaksóknari hafi rannsakað málið ítarlega vegna kæru stefnanda og komist að þeirri niðurstöðu að skilyrði 1. mgr. 90. gr. laga nr. 88/2008 fyrir handtöku stefnanda hefði verið uppfyllt í málinu, auk þess sem framburður lögreglumanna hefði verið á þá leið að eiginkona hans hefði veitt munnlega heimild til húsleitar. Þá leiddi rannsókn héraðssaksóknara ekki í ljós að stefnandi hefði verið beittur því ofbeldi eða misrétti sem hann heldur fram í stefnu. Þrír lögreglumenn sem staddir voru við lögreglubifreið þá sem meint ofbeldi átti að hafa átt sér stað báru því m.a. við að þeir hefðu ekki orðið varir við nein átök. Þá hefur lögreglumaður sá sem stefnandi segir hafa beitt sig ofbeldinu alfarið neitað þeim ásökunum.
39. Stefndi mótmælir því að leggja beri fyrirbyggjandi matsgerð til grundvallar í málinu sem sönnun fyrir því að lögregla hafi valdið stefnanda tjóni sem stefndi beri bótaábyrgð á eða sem mat á umfangi meints tjóns stefnanda vegna aðgerða lögreglu. Stefndi vísar til þess að ekki sé nægjanlega gerð grein fyrir því í matsgerðinni hversu stóran hluta meints tjóns sé að rekja til annars vegar handtöku og hins vegar húsleitar sem stefnandi mátti þola umrætt sinn. Sem dæmi megi nefna umfjöllun um varanlega örorku þar sem aðeins er fjallað um handtöku stefnanda.
40. Stefndi byggir á því að matsgerðin geri ekki nægileg grein fyrir því eða rökstyðji hversu stóran hluta meintrar varanlegrar örorku og meints varanlegs miska megi rekja til umræddra atvika 30. desember 2018 en ljóst er að stefnandi hafði fyrir atburðina sögu um ADHD, þunglyndi, örlyndissveiflur, kvíða, fíkniefnaneyslu, ofdrykkju, andfélagslega hegðun, aðlögunarröskun o.fl. Að mati stefnda breytir matsgerðin engu um það að tjónið sem stefnandi telur sig hafa orðið fyrir getur ekki talist sennileg afleiðing þeirra aðgerða lögreglu sem hann þurfti að þola. Þá telur stefndi ekki liggja fyrir skilyrði um orsakatengsl milli hins meinta tjóns og hinnar meintu bótaskyldu.

41. Stefndi vísar til þess að í matsgerð komi fram að stefnanda hafi ekki verið boðið í annað viðtal hjá sálfræðingi þar sem hann hafi ekki virst vera með alvarleg áfallaeinkenni heldur væri hann reiður en talaði lítið um meint áfall. Þá hafi stefnandi ekki sýnt aukin streituvíðbrögð þegar rætt var um umrædda atburði. Stefnandi hafi í heimsókn á bráðaþjónustu geðsviðs rætt m.a. um kvíðaköst og svefntruflanir en það hafi verið honum áfall að kæru hans á hendur lögreglumanni hafi verið vísað frá. Að mati stefnda er með engum hætti hægt að tengja það meinta áfall sem stefnandi segist hafa orðið fyrir vegna niðurfellingar kærunnar við aðgerðir lögreglu í umrætt sinn.
42. Stefndi vísar til þess að mat á meintu tjóni stefnanda virðist alfarið byggt á frásögn stefnanda auk álits geðlæknis hans. Í matsgerð sé m.a. minnst á misræmi milli álits geðlæknis stefnanda og áfallateymis en ekki er rökstutt sérstaklega í hverju misræmið fólst eða af hverju það kunni að skýrast, að öðru leyti en því að matsmenn segja persónuleikabætti matsbeiðanda mögulega hafa truflað meðferðarsamband hans við áfallateymi. Stefndi telur matsgerðina ekki sýna fram á meint tjón stefnanda, orsakatengsl milli þess og aðgerða lögreglu.
43. Stefndi gerir fyrirvara við alla útreikninga stefnanda og mótmælir öllum kröfum sem of háum og hvorki til samræmis við meint tjón stefnanda né það tjón sem ætla má að geti hlotist af handtöku í 47 mínútur og húsleit.
44. Stefndi mótmælir því að hann beri ábyrgð á meintu tjóni stefnanda. Þá mótmælir stefndi því að verði fallist á bótaskyldu stefnanda skuli um uppgjör bóta fara samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga og að matsgerð stefnanda skuli lögð til grundvallar við slíkt uppgjör. Verði hins vegar fallist á að stefndi beri bótaábyrgð á meintu tjóni stefnanda telur stefndi að ákveða skuli miskabætur að álitum. Verði talið að um uppgjör skuli fara samkvæmt skaðabótalögum mótmælir stefndi því að um óvenjulegar aðstæður í skilningi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga sé að ræða.
45. Stefndi vísar til þess að stefnandi hafi sögu um afar stopula atvinnuþátttöku, eins og skattframtöl hans beri með sér allt aftur til ársins 2010. Tekjur hans hafi verið afar lágar bæði árið sem atvik málsins áttu sér stað sem og mörg ár fyrir það. Með engu móti sé því hægt að fallast á að árslaun síðustu þrjú almanaksár fyrir meintan tjónsatburð séu ekki réttur mælikvarði á líklegar framtíðartekjur tjónþola. Þá er því sérstaklega mótmælt að meðallaun í störfum tengdum [...] gefi rétta mynd af framtíðartekjum, enda telur stefndi stopular tekjur stefnanda sýna það. Það að stefnandi hafi verið í eigin rekstri og þegið

árangurstengd laun við [...] leiði ekki til þeirrar niðurstöðu að í tilviki hans sé um óvenjulegar aðstæður að ræða í skilningi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Með sömu röksemdum er því mótmælt að árslaun stefnanda árið 2018 gefi réttari mynd af framtíðartekjum stefnanda, en mat samkvæmt meginreglum skaðabótalaga samkvæmt 1 mgr., sbr. 3. mgr., 7. gr. skaðabótalaga.

Niðurstæða

46. Samkvæmt 1. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 á maður, sem borinn hefur verið sökum í sakamáli, rétt til bóta úr hendi stefnda samkvæmt 2. mgr. ef mál hans hefur verið fellt niður eða hann verið sýknaður með endanlegum dómi án þess að það hafi verið gert vegna þess að hann var talinn ósakhæfur. Í 2. mgr. sömu greinar er tekið fram að dæma skuli bætur vegna aðgerða eftir IX.–XIV. kafla laganna ef skilyrði 1. mgr. eru fyrir hendi. Þar er þó einnig tekið fram að fella megi niður bætur eða lækka þær ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum, sem krafa hans er reist á. Samkvæmt 5. mgr. 246. gr. skal bæta bæði fjártjón og miska ef því er að skipta.
47. Í málinu er óumdeilt að mál lögreglu nr. [...] á hendur stefnanda var fellt niður með bréfi Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 25. september 2019. Stefnandi á því rétt á skaðabótum vegna handtökunnar og húsleitarinnar, nema því aðeins að telja megi að hann sjálfur hafi valdið þessum aðgerðum eða stuðlað að þeim.
48. Ástæða þess að lögregla var kölluð til var sú að stefnandi lenti í stimpingum við fyrri barnsmóður sína sem kallaði til lögreglu. Í skýrslutöku fyrir dómi kom fram hjá stefnanda að hann hefði upphaflega rætt við fyrri barnsmóður sína í dyrasíma. Átökin hafi átt sér stað í anddyrinu við útidyrhurðina en hún sé reyndar einungis tvo og hálfan metra frá inngangi inn í íbúð hans. Á myndbandsupptöku úr lögreglubílnum kemur fram hjá stefnanda að hann hafi búist við því að vera handtekinn. Í skýrslutöku fyrir dómi skýrði stefnandi þessi ummæli sín og sagði skýringuna vera fyrri sögu fyrri barnsmóður hans, en í skýrslutökunni kom fram að hún hefði margsinnis ranglega ásakað hann um ofbeldi. Hann hefði haft „mjög sterkan grun um“ að barnsmóðir hans myndi koma og reyna að sækja dóttur þeirra og hafi þess vegna farið með barnið til móður sinnar til að tryggja „að dóttir mín myndi ekki þurfa að upplifa það“.
49. Engin gögn liggja fyrir um hvernig umgengni var háttáð milli stefnanda og fyrri barnsmóður hans umræddan dag. Stefnandi fullyrðir að umgengnin hafi átt að vera hjá honum,

en í upptökum sem lagðar eru fram í málinu fullyrðir fyrri barnsmóðir hans að hún hafi verið að sækja barnið úr umgengni eins og fyrirfram hafi verið ákveðið. Í skýrslu lögreglu sem liggur fyrir í gögnum málsins er vísað í mynd af úrskurðarorði sýslumanns, en sú mynd er algerlega ólæsileg.

50. Við mat á því hvort stefnandi hafi stuðlað að handtökunni verður að líta til þess að eðlileg viðbrögð stefnanda hefðu verið þau að kalla til lögreglu þegar honum var ljóst að fyrri barnsmóðir hans hygðist ekki virða umgengni hans og reyna að ryðjast inn í húsið. Með því hefði hann hæglega getað komið í veg fyrir átök milli þeirra. Í stað þess fór hann fram í anddyri stigagangsins til að ýta henni sjálfur í burtu sem leiddi til stimpinga þeirra í milli. Þessi átök komu honum þó engan veginn á óvart þar sem hann hafði fyrirfram gert ráð fyrir að hann kynni að eiga í óheppilegum samskiptum við fyrri barnsmóður sína og gripið til ráðstafana til að koma í veg fyrir að dóttir hans þyrfti að upplifa slík samskipti. Í gögnum málsins kemur jafnframt fram að nágrannakona sem varð vitni að átökum stefnanda við fyrri barnsmóður hans hafi hvatt hana til að kalla til lögreglu í kjölfar átakanna. Verður að fallast á að stefnandi hafi með þessari háttsemi sinni og þeim átökum sem brutust út í kjölfarið stuðlað að því að lögregla var kölluð til í skilningi 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 og að handtakan hafi verið nauðsynleg til að tryggja návist hans eða öryggi hans eða annarra, sbr. 90. gr. laga nr. 88/2008. Stefnandi getur því ekki krafist bóta á grundvelli 1., 2. og 5. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 vegna handtökunnar.
51. Stefnandi byggir jafnframt á bótagrundvelli sakarreglu og vinnuveitendaábyrgðar og gerir kröfu um fjártjón samkvæmt 2.–5. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 Samkvæmt 2. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 skal ákveða tímabundið atvinnutjón fyrir tímenn frá því að tjón varð þar til tjónþoli gat hafið vinnu að nýju eða þar til heilsufar hans var orðið stöðugt. Samkvæmt 3. gr. skaðabótalaga skal greiða þjáningabætur fyrir tímabilið frá því tjón varð þar til heilsufar tjónþola er orðið stöðugt. Samkvæmt 4. gr. skal meta fjárhæð bóta fyrir varanlegan miska við ástand tjónþola þegar ekki er að vænta frekari bata að teknu tilliti til afleiðinga sem leiðir af slysi og þekktar eru þegar mat fer fram. Samkvæmt 5. gr. skaðabótalaga á tjónþoli rétt á bótum fyrir varanlega örorku sökum líkamstjóns valdi tjónið varanlegri skerðingu á getu til að afla vinnutekna. Stefnandi vísar til þess að umrædd handtaka og húsleit hafi valdið alvarlegri áfallastreituröskun sem hafi leitt til varanlegrar 15% örorku samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna.

52. Þótt fallist sé á að stefnandi hafi stuðlað að því að lögregla var kölluð til verða aðgerðir lögreglu allt að einu að falla undir reglur um meðalhóf og mega ekki ganga lengra en nauðsyn krefur til að ná lögmætu markmiði. Við mat á meðalhófi er ekki nægjanlegt að horfa til þess hvort aflað hafi verið upplýsinga í samræmi við verklagsreglur og hvort þær reglur byggji á málefnalegum sjónarmiðum. Jafnframt verður að gera þá kröfu til lögreglumanna að þeir leggi rétt mat á þær upplýsingar sem verklagsreglur gera ráð fyrir að þeir kalli eftir og vera tilbúnir til þess að endurmeta aðstæður eftir því sem nýjar upplýsingar berast.
53. Af fyrirliggjandi upptökum í gögnum málsins má ráða að fyrri barnsmóðir stefnanda hafi kallað til lögreglu vegna þess að hún og stefnandi hafi lent í átökum sem hún lýsti fyrir lögreglu að hefðu falist í því að stefnandi hefði klemmt fót hennar milli stafs og hurðar og skellt henni í vegg. Farið var yfir það í samtalinu að hún væri komin í gott skjól hjá fyrrum nágrannakonunni sinni í íbúð við hliðina og að hún væri ekki slösuð. Í lok samtalsins var fyrri barnsmóðirin spurð hvort stefnandi hefði aðgang að einhverjum vopnum. Hún upplýsti að stefnandi hefði hóttað henni með byssu einhvern tíma og beint henni að andlitinu á henni en það væru nokkur ár síðan og leyfið hefði verið tekið af honum, en hún vissi ekki hvort hann hefði fengið það aftur. Samtalið endaði með því að lögregla yrði send á vettvang og hún var beðin um að hringja að nýju ef eitthvað myndi breytast.
54. Í framhaldi af þessu samtali hafði móttakandi þessara samskipta hjá lögreglu samband við samstarfsmenn sína og skýrði frá umræddu atviki en sagði jafnframt: „Þessi maður hefur beint skotvopni að andlitinu hennar áður, en hún taldi að vopnið væri tekið af honum en hún sagði hann stórhættulegan þannig að það er spurning hvort að sérsveit renni með ykkur þarna.“ Síðar í samtalinu kemur fram að sérsveit hafi mótttekið þetta og spyr hvort hægt sé að staðfesta að stefnandi sé ekki með skotvopn skráð á sig og fær upphaflega þau svör að svo sé ekki. Þetta er síðan leiðrétt mínútu síðar. Lögregla á vettvangi setur sig síðan í samband við fyrri barnsmóður stefnanda og spyr hvort hún haldi að stefnandi sé með skotvopn á heimilinu.
55. Þrátt fyrir að samskipti milli lögreglu séu óskýr, einkum hvað varðar upplýsingar um það hvort stefnandi hafi beitt skotvopni gegn fyrri barnsmóður sinni í umrætt sinn, verður ekki séð að það sé skilningur lögreglumanna á vettvangi. Í samskiptum lögreglu á vettvangi var endurtekin spurning til barnsmóður um hvort stefnandi væri með skotvopn á heimilinu. Það verður því ekki séð að lögreglan hafi gengið út frá því í sínum aðgerðum

að stefnandi hafi ógnað barnsmóður sinni í umrætt sinn með skotvopni, heldur hafi einungis verið upplýst að stefnandi væri hugsanlega með skotvopn á heimilinu. Stefnandi var vissulega skráður fyrir skotvopni sem hafði verið haldlagt vegna kæru fyrri barnsmóður um að hann hefði sýnt ógnandi hegðun með henni á árinu 2014, en skilað til baka þegar málið var fellt niður.

56. Þá verður ekki að mati dómsins fallist á að lögregla hafi án tilefnis spurt fyrri barnsmóður stefnanda hvort stefnandi væri með skotvopn á heimilinu. Ætla má að ástæður þess að settar séu sérstakar verklagsreglur um heimilisofbeldi stafi m.a. af því að útköll vegna heimilisofbeldis séu vandmeðfarin. Verið er að fara inn í aðstæður sem meintur gerandi þekkir miklu betur en lögreglan og á auðvelt með að nálgast ýmis eggvopn eða muni sem nota má sem barefli og getur með því gert lögreglu erfitt fyrir og ógnað öryggi hennar. Það er því ekki að ósekju að í verklagsreglum sé gert ráð fyrir að upplýsinga sé aflað um skotvopnaeign. Mat á viðbúnaði lögreglu verður síðan alltaf að einhverju leyti að taka mið af því hvað hugsanlega geti gerst. Miðað við þær upplýsingar sem lögregla hafði undir höndum verður því ekki talið að það hafi brotið gegn meðalhófsreglum að óska eftir aðstoð sérsveitarinnar í umrætt sinn.
57. Af gögnum málsins má ráða að alls hafi átta lögreglumenn tekið þátt í umræddum aðgerðum á vettvangi sem hafi komið á fjórum bílum, þar af þremur sérmerktum lögreglu-bifreiðum. Í samskiptum lögreglu á vettvangi kom fram að ætlunin hefði verið að reyna að ná sambandi við stefnanda enda hefði verið best ef hann hefði verið til í að koma út. Áður en það gerðist fóru sérsveitarmenn og lögreglumenn að húsinu og skömmu síðar kom stefnandi út og var handtekinn. Við mat á meðalhófi á aðgerðum lögreglu í umrætt sinn verður að hafa í huga að fyrri barnsmóðir stefnanda var ekki í neinni hættu. Sú staðreynd gaf lögreglu ástæðu til að endurmeta aðstæður á vettvangi og gefa sér meiri tíma í aðgerðir. Í stað þess var ráðist í aðgerðir sem voru til þess fallnar að valda uppnámi hjá stefnanda og fjölskyldu hans og hlutu óhjákvæmilega að vekja mikla athygli nágranna. Verður að telja að það hefði verið farsælla og í samræmi við meðalhófsreglu að freista þess að ná sambandi við stefnanda áður en sérsveitarmenn stilltu sér upp við húsið og fá hann til að koma sjálfviljugan út sem lögreglan sjálf taldi bestu lausnina. Verður að fallast á með stefnanda að lögregla hafi með þessu farið út fyrir ákvæði laga og brotið gegn reglum um meðalhóf, sbr. t.d. 3. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008, og með því valdið

stefnanda óparfa tjóni, sbr. 2. mgr. 13. gr. lögregluglaga nr. 90/1996 og 2. mgr. 93. gr. laga nr. 88/2008.

58. Aðila greinir á um atvik málsins, m.a. að því er varðar hvenær stefnandi hafi gefið upplýsingar um staðsetningu skotvopnsins og hvort sambýliskona hans og seinni barnsmóðir hafi heimilað leitina. Hvað sem líður upplýsingagjöf stefnanda kemur fram á upptöku í lögreglubifreiðinni kl. 19:47, eftir að stefnandi var handtekinn, að hann upplýsti um að skotvopnið væri staðsett á heimili foreldra hans. Engu að síður heldur leitinn áfram eftir það og engin tilraun virðist hafa verið gerð til þess að hafa uppi á foreldrum stefnanda til að spyrja þau um sannleiksgildi þessa. Skilyrði húsleitar samkvæmt 75. gr. laga nr. 88/2008 er að fyrir liggi dómsúrskurður eða ótvírætt samþykki eiganda. Í skýrslutöku fyrir dómi skýrði núverandi sambýliskona stefnanda frá því að hún hefði ekki samþykkt húsleit, en ekki fundist hún hafa neitt val um það að neita um hana og m.a. afhent lykla að geymslunni. Fyrir liggur að ekki var leitað skriflegs samþykkis fyrir húsleitinni. Gegn andmælum sambýliskonu stefnanda verður ekki fallist á að ótvírætt samþykki hafi legið fyrir henni. Stefnandi á því rétt á bótum vegna húsleitarinnar á grundvelli 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008.
59. Aðila greinir á um með hvaða hætti stefnandi hafi fengið blóðnasir og sár í munnholi. Stefnandi heldur því fram, m.a. í skýrslutöku fyrir dómi, að sérsveitarmaður nr. [...] hafi kýlt hann með krepptum hnefa í andlitið og sett putta upp í hann og togað í hægra munnvikið. Umræddur lögreglumaður hefur staðfastlega neitað þessu í skýrslutöku fyrir dómi og aðrir lögreglumenn á vettvangi hafa hafnað þessari frásögn, bæði í skýrslutöku fyrir dómi og á upptöku. Stefnandi lýsir því sjálfur í stefnu að handtakan hafi verið harkaleg og honum hafi verið „skellt upp við vegg“ og almennt verður að ætla að ekki sé óalgengt að minniháttar áverkar geti leitt af harkalegri handtöku. Með vísan til þessa og gegn neitun sérsveitarmanns nr. [...] verður ekki fallist á að stefnanda hafi tekist sönnun þess að hann hafi hlotið umrædda áverka með þeim hætti að sérsveitarmaður hafi veitt honum högg í andlitið.
60. Það er skilyrði skaðabótaábyrgðar að orsakatengsl séu milli háttsemi og þess tjóns sem bóta er krafist fyrir. Tjónið þarf jafnframt að vera sennileg afleiðing háttsemi til þess að um skaðabótaskyldu geti verið að ræða. Skilyrði um orsakatengsl og sennilega afleiðingu á við, hvort heldur sem ábyrgð er reist á sakarreglunni eða reglum um hlutlæga ábyrgð. Stefnandi ber sönnunarbyrði fyrir því að sú háttsemi lögreglunnar að hafa ekki gætt

meðalhófs við handtökuna og ráðist í húsleit án þess að tryggja sér fullnægjandi heimild til hennar hafi valdið honum varanlegri örorku og varanlegum miska.

61. Stefnandi hefur lagt fram matsgerð þar sem varanleg örorka samkvæmt 5. gr. skaðabótalaga er metin 15% og varanlegur miski samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga metin 20 stig. Þá er tímabundin óvinnufærni metin frá tjónsdegi, 30. desember 2018, til 30. desember 2019, og tímabil þjáninga samkvæmt 3. gr. skaðabótalaga er metið yfir sama tímabil. Í matsgerðinni er tekið fram að ekki sé beðið um mat á orsakatengslum eða sennilegri afleiðingu. Í niðurstöðu er engu að síður vísað til þess stefnandi búi „við veruleg einkenni áfallstreitu sem rekja má til atburðarins og standa þannig í orsakatengslum við hann“. Þá segir jafnframt að það sé ljóst að „atburður þessu líkur er til þess fallinn að valda ógn og skelfingu hjá þeim sem í lendar, hvað sem líður réttmæti ásakana [...] um harðræði“.
62. Að mati dómsins sem skipaður er sérfróðum meðdómanda verður ekki fallist á að handtaka, sem stefnandi hafði fyrirfram búist við og að nokkru leyti stuðlað að, sé líkleg til þess að valda slíkri ógn og skelfingu að hún leiði til áfallastreituröskunar og varanlegrar örorku. Breytir engu um það þótt ekki hafi að öllu leyti verið gætt meðalhófs við handtökuna. Stefnandi var handtekinn kl. 19:28 og færður í lögreglubifreið fyrir utan húsnaðið. Samkvæmt upptöku var honum hleypt út úr bifreiðinni kl. 20:07. Í lögregluskýrslu var bókað að hann hefði verið látinn laus kl. 20:15. Frelsissvipting stefnanda stóð því ekki lengur en í 47 mínútur. Verður ekki fallist á að varanleg örorka og varanlegur miski geti leitt af svo skammvinni frelsissviptingu. Þá verður ekki talið að aðstæður við handtökuna að öðru leyti séu dæmigerðar til að valda áfallastreitu með þeim afleiðingum að varanleg örorka hljóti af.
63. Við mat á orsakatengslum og sennilegri afleiðingu verður einnig að horfa til þess að stefnandi hafði fyrir atburðina verið greindur með athyglisbrest, geðhvarfasjúkdóm, þunglyndi, vægar örlyndissveiflur og persónuleikatrufun. Þá eigi hann sér sögu um misnotkun á fíkniefnum og áfengi. Hann hafi sýnt af sér andfélagslega hegðun og eigi sögu um notkun geðvirkra efna og sýni merki um jaðarpersónuleikröskun, en slíkir einstaklingar geta stórlega ýkt einkenni sín. Í skýrslutöku fyrir dómi kom fram hjá stefnanda að hann hefði tekið þunglyndislyf og kvíðastillandi lyf fyrir handtökuna. Þá skýrir hann frá langvinnum svefnvanda þegar hann kemur í áfallahjálp 8. janúar 2019. Í matsgerð er vísað til þess að andlegir annmarkar stefnanda sem hann glími við séu til

Þess fallnir að hafa áhrif á framtakssemi og vinnugetu almennt. Þá beri tekjur hans ekki með sér að hann hafi verið í fullu starfi þegar handtakan átti sér stað í árslok 2018.

64. Í matgerð og öðrum gögnum kemur fram að stefnandi hafi leitað til áfallateymis Landspítalans eftir atburðinn, en þar er um að ræða sérhæft geðteymi sem sinnir áfallastreitu á geðsviði spítalans. Við skoðun áfallateymisins 8. janúar 2019 var áfallaskor stefnanda samkvæmt PCL skala mjög hátt, en við eftirfylgd hjá sálfræðingi 5. febrúar 2019 var ekki talin ástæða til að boða stefnanda frekar þar sem hann virtist ekki vera með alvarleg áfallaeinkenni en væri reiður yfir atvikinu. Reiðiviðbrögð má einnig greina í myndbandi sem tekið var í lögreglubifreiðinni, en þar virðist stefnanda miklu frekar reiður og ósáttur en haldin áfallastreitu. Niðurstaða áfallateymis Landspítalans var sú að stefnandi væri ekki haldinn áfallastreituröskun. Þá eru raktir í matsgerðinni erfiðleikar stefnanda við að sætta sig við að VIRK „taki ekki gilda áfallgreiningu, en telji vanda hans frekar vera undirliggjandi kvíða og þunglyndi“. Þá liggur fyrir að stefnandi hafði lent í slysi í október 2016 og var metinn til 8 stiga miska og 8% varanlegrar örorku, samkvæmt matsgerð frá því í maí 2018.
65. Dómurinn hefur samkvæmt 1. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991 frjálst sönnunarmat um það hvort tiltekin háttsemi hafi orsakað tjón sem sé sennileg afleiðing af þeirri saknæmu háttsemi. Þegar horft er heildstætt til allra atvika, einkum skammvinnrar frelsissviptingar sem stefnandi stuðlaði sjálfur að, væntinga stefnanda sjálfs um handtökuna, undirliggjandi heilsufars stefnanda og vinnusögu fyrir atvikið, svo og ólíkrar niðurstöðu heilsgæsluaðila varðandi áfallastreituröskun, og þá einkum niðurstöðu sérhæfðs geðteymis sem sinnir áfallastreitu, verður ekki talið að stefnandi hafi sýnt fram á orsakatengsl þess að ekki var gætt meðalhófs við umrædda handtöku og að varanleg örorka stefnanda sé sennileg afleiðing þess. Verður stefndi því sýknaður af aðal-, vara- og þrautavarakröfu stefnanda að öðru leyti en að því er varðar viðbótarkröfu.
66. Stefnandi byggir kröfu sína um miskabætur annars vegar á grundvelli hinnar hlutlægu bótareglu 2. mgr., sbr. 1. mgr., 246. gr. laga nr. 88/2008 og hins vegar 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga er heimilt að láta þann sem ber ábyrgð á ólögmati meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur. Eins og áður hefur verið vikið að verður ekki fallist á að stefnandi eigi rétt á skaðabótum vegna handtökunnar samkvæmt 2. mgr. 246. gr. laganna enda er litið svo á að stefnandi hafi sjálfur stuðlað að umræddum aðgerðum með þeim átökum sem hann

átti við fyrri barnsmóður sína og með því fyrirgert rétti til að krefjast bóta á grundvelli 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008. Hins vegar verður að telja að lögreglan hafi við framkvæmd aðgerðanna brotið gegn reglum um meðalhóf og með því eigi stefnandi rétt til miskabóta á grundvelli 26. gr. laga nr. 88/2008 vegna þess hvernig staðið var að handtöku hans. Þá á hann rétt á miskabótum á grundvelli 2. mgr. 246. gr. vegna húsleitarinnar.

67. Við mat á fjárhæð miskabóta ber að líta til þess hvers eðlis hinar bótaskyldu aðgerðir voru og hve lengi þær stóðu, en þær lúta m.a. að réttindum sem varin eru af Stjórnarskrá og mannréttindasáttmálum. Fallist verður á að það hafi aukið miska stefnanda að sérsvaitarmenn höfðu stillt sér upp við húsnaðið áður en gerð var tilraun til þess að hafa samband við hann. Stefnandi var síðan umsvifalaust handjárnaður fyrir framan heimili sitt þegar hann kom sjálfviljugur út til að ræða við lögreglu og settur inn í lögreglubíl á meðan lögregla og sérsvaitarmenn leituðu í íbúðinni þar sem núverandi sambýliskona hans var og lítil börn sváfu. Þá var systursonur sambýliskonu hans einnig viðstaddur. Þrátt fyrir að þessar aðgerðir hafi ekki staðið í langan tíma var leitinni haldið áfram eftir að stefnandi sannanlega upplýsti hvar skotvopnið væri. Þá var óhjákvæmilegt að nágrannar yrðu varir við þessar umfangsmiklu aðgerðir lögreglu. Að mati dómsins verður ekki dregið í efa að stefnandi hafi haft áhyggjur af sínu fólki og upplifað mikla skömm á meðan lögreglan leitaði á heimili hans. Miskabætur verða metnar að álitum og þykja í ljósi allra atvika hæfilega ákveðnar 1.200.000 kr. Með vísan til 2. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 verða vextir samkvæmt 1. mgr. þeirrar greinar ekki dæmdir. Með vísan til lokamálsliðar 9. gr. laga nr. 38/2001 dæmast dráttarvextir frá málshöfðun eins og nánar greinir í dómsorði.
68. Með hliðsjón af aðild ríkisins til varnar verður málskostnaður ekki dæmdur. Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin þóknun lögmanns hans, Sverris Halldórssonar, verður ákveðin 3.250.000 kr. Við ákvörðun þóknunar er tekið mið af tímaskýrslu stefnanda varðandi tímafjölda, en ekki er fallist á tímagjald. Þóknun lögmanns er ákveðin án virðisaukaskatts, sbr. t.d. Lrd. 288/2018. Til viðbótar bætist útlagður kostnaður lögmannsstofunnar að fjárhæð 1.100.000 kr. en kröfu um virðisaukaskatt á útlagðan kostnað er hafnað, enda nýtist skatturinn til innsköttunar.
69. Sverrir Halldórsson lögmaður flutti málið fyrir stefnanda og Jónas Birgir Jónasson lögmaður fyrir stefnda.

70. Helgi Sigurðsson héraðsdómari sem dómsformaður, Barbara Björnsdóttir héraðsdómari og Sigurður Páll Pálsson, geðlæknir og sérfróður meðdómandi, kveða upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, A, 1.200.000 króna með dráttarvöxtum frá 25. október 2023 til greiðsludags. Að öðru leyti er stefndi sýknaður af aðal-, vara- og þrautavarakröfu stefnanda.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin þóknun lögmanns hans, Sverris Halldórssonar, að fjárhæð 3.250.000 krónur, auk útlagðs kostnaðar, 1.100.000 króna, greiðist úr ríkissjóði.

Helgi Sigurðsson
Barbara Björnsdóttir
Sigurður Páll Pálsson